

Vejdeland o.fl. gegn Svíþjóð

Dómur frá 9. febrúar 2012

Mál nr. 1813/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

7. gr. Engin refsing án laga

Hatursáróður. Ummæli um samkynhneigða.

1. Málsatvik

Kærendur, Tor Fredrik Vejdeland, Mattias Harlin, Björn Täng og Niklas Lundström, eru sænskir ríkisborgarar, fæddir 1978, 1981, 1987 and 1986 og búsettir í Svíþjóð. Í desember árið 2004 fóru kærendur ásamt þremur öðrum inn í menntaskóla og dreifðu þar u.þ.b. hundrað bæklingum frá samtökunum Þjóðernisæsku (Nationell Ungdom). Komu þeir bæklingunum fyrir í skápum nemendanna eða við þá. Skólastjóri skólans stöðvaði þá og skipaði þeim að yfirgefa skólalóðina. Í bæklingunum var því m.a. haldið fram að samkynhneigð væri „afbrigðileg hneigð“ sem hefði „siðferðileg niðurrifsáhrif á þjóðarlíkamann“ og ætti sök á framgangi alnæmisveirunnar og sjúkdómsins. Kærendur sögðu það ekki hafa verið ætlun sína að lítilsvirða samkynhneigða sem hóp og kváðu tilgang sinn hafa verið að koma af stað umræðu um skort á hlutlægni í kennslu um þetta efni í sænskum skólum.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að tilgangur kærenda hefði verið að lítilsvirða samkynhneigða og sakfelldi þá fyrir hatursáróður gegn þjóðar- eða þjóðernishópum. Áfrýjunardómstóll sýknaði kærendur á þeirri forsendu að sakfelling bryti gegn því tjáningarfrelsi sem mannréttindasáttmálinn tryggði þeim. Þann 6. júlí 2006 sakfelldi Hæstiréttur Svíþjóðar kærendur fyrir hatursáróður gegn hópi vegna þjóðernis eða uppruna. Taldi meirihluti dómara m.a. að nemendur hefðu ekki átt kost á að neita því að taka við bæklingunum og að hægt hefði verið að ná því markmiði að efna til umræðu um hlutlægni í kennslu án þess að dreifa meiðandi staðhæfingum um samkynhneigða sem hóp. Þeir kærenda hlutu skilorðsbundna fangelsisdóma ásamt sektum frá u.þ.b. 200 til 2.000 evrum og sá fjórði var dæmdur til að sæta skilorðseftirliti.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að með sakfellingu þeirra hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Einnig héldu þeir því fram að brotið hefði verið gegn 7. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 10. gr.: Kærendur höfðu verið sakfelldir fyrir hatursáróður í samræmi við sænsk hegningarlög. Dómstóllinn taldi að skerðing tjáningarfrelsis þeirra hefði verið nægilega skýr og fyrirsjáanleg og þannig verið lögmælt í skilningi sáttmálans. Skerðingin hefði þjónað því lögmæta markmiði 2. mgr. 10. gr. sáttmálans að vernda mannorð og réttindi annarra.

Dómstóllinn var sammála Hæstarétti Svíþjóðar um að jafnvel þótt það markmið kærenda að koma af stað umræðu um skort á hlutlægni í kennslu um samkynhneigð í sænskum skólum hefði þótt ásættanlegt, þyrfti að gefa orðalagi bæklinganna gaum. Þar kæmi fram að samkynhneigð væri „afbrigðileg hneigð“ sem hefði „siðferðileg niðurrifsáhrif á þjóðarlíkamann“ og ætti sök á framgangi alnæmisveirunnar og sjúkdómsins. Einnig hefði því verið haldið fram að „hagsmunaverðir samkynhneigðra“ reyndu að gera sem minnst úr barnagirnd. Í þessum yfirlýsingum hefðu falist alvarlegar ásanir, jafnvel þótt ekki hefði verið hvatt til hatursverka. Dómstóllinn lagði áherslu á að mismunun á grundvelli kynhneigðar væri jafnalvarleg og mismunun á grundvelli kynþáttar, uppruna eða litarháttar. Jafnframt því að viðurkenna rétt kærenda til að tjá hugmyndir sínar hefði Hæstiréttur Svíþjóðar komist að þeirri niðurstöðu að yfirlýsingar bæklinga hefðu verið meiðandi að þarflausu. Einnig hafði hann lagt áherslu á að kærendur hefðu þröngvað bæklingunum upp á nemendur með því að skilja þá eftir í eða við skápa þeirra. Dómstóllinn tók fram að nemendurnir hefðu verið á

tilfinningalega viðkvæmum aldri og að bæklingunum hefði verið dreift í skóla sem enginn kæranda hefði gengið í og þeir hefðu ekki haft frjálsan aðgang að. Dómstóllinn taldi þau viðurlög sem kærendur voru beittir ekki úr hófi miðað við aðstæður, enda hefði brotið sem þeir voru dæmdir fyrir varðað allt að tveggja ára fangelsisvist. Dómstóllinn taldi því að sænsk yfirvöld hefðu komist að réttri niðurstöðu um að skerðing tjáningarfrelsis kæranda væri við þessar aðstæður nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi til verndar mannorði og réttindum annarra. Komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Um 7. gr.: Dómstóllinn leit til þeirrar niðurstöðu umfjöllunarinnar um 10. gr. að hin kærða ráðstöfun hefði verið lögmælt í skilningi sáttmálans. Lýsti hann kærana um 7. gr. því ótæka til efnismeðferðar.